

Yfirgefnar fleytur vekja spurningar um ferðir og afdrif

Sjófar nefnist sýning Guðbjargar Lindar Jónsdóttur myndlistarkoni í Galleríi Göngum í Háteigskirkju. Þar eru mannláus skip, máluð með olíu á striga, í aðalhlutverkum. „Verkin mín fela í sér tilraun til að skapa veröld á mörkum huga og náttúru,“ segir listakonan og bætir við að haf og vatn hafi löngum verið ríkjandi í verkum hennar, fossar, haf með eyjum og bátum og eyrar sem teygi sig út í sjó. „Allt tengist þetta hrifningu minni á hverfuleika vatns og gagnsæi og kannski líka eigin vatnshræðslu,“ segir hún og rekur þessar áherslur

til umhverfis æsku sinnar vestur á fjörðum.

Verkin á sýningunni hafa ekki verið sýnd áður, að sögn Guðbjargar Lindar. Auk stóru olíumálverkanna eru þar fjórar litlar myndir unnar með bývaxi á krossvið. „Þetta eru svipir frá liðnum tíma, gerðir með blandaðri tækni – verur sem eru fjarverandi í hinum verkunum,“ segir hún og bendir á að á stóru myndunum séu bara yfirgefnar fleytur sem vekja spurningar um ferðalög og afdrif.

Eina af figúratívu myndunum með vaxinu segir Guðbjörg unna út frá

gamalli ljósmynd af Guðrúnu Sveinbjarnardóttir sem var systir Benedikts Gröndal og hafði viðurnefnið karlmaður. „Guðrún giftist presti vestur í Otradal í Arnarfirði en það hjónaband gekk ekki upp og hún settist að í Stykkishólmi og vann fyrir sér við saumaskap,“ lýsir Guðbjörg Lind. „Myndin af henni hefur ásótt mig en nú gat ég skilað henni af mér.“ Guðbjörg Lind hefur haldið og tekið þátt í um 70 sýningum til þessa og verk hennar eru á veggjum safna og fleiri opinberra stofnana bæði héraendis og erlendis. Sýningin í Göngum stendur til 16. október. – gun



Guðbjörg Lind tengir tvö þemu saman á sýningunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK